



# Jöklarannsóknafélag Íslands

## Fréttabréf

Nr. 26

Ágúst 1989

### HAUSTFERÐ

Hin árlega "13. september ferð" félagsins í Jökulheima verður farin helgina 15.-17. september 1989. Lagt verður af stað á föstudagskvöldi kl. 20 frá Guðmundi Jónasyni H.F. (austurdyr).

Þátttaka tilkynnist til Stefáns Bjarnasonar vinnusími 686125 (heima 37392) eða Ástvalds Guðmundssonar vinnusími 686312.

## VORFUNDURINN 1989

Vorfundurinn sem vera átti þriðjudaginn 23. maí var felldur niður vegna láts Gylfa Þ. Gunnarssonar rafvirkjameistara, en jarðaför hans fór fram 24. maí. Efni fundarins verður síðar á dagskrá félagsfunda.

## VORFERÐ JÖRFI TIL GRÍMSVATNA 30. JÚNÍ - 2. JÚLÍ

Vorferð til Grímsvatna varð ekki með sama hætti og til stóð og venja er. Vegna mikilla snjóalaga var ófært vörubílum með tæki, mat og eldsneyti inn að Tungnárjökli fyrr en viku af júlí. Margir jökla menn sem vinna áttu við borun gegnum íshelluna og landmælingum, voru þá orðnir bundnir við önnur störf. Auk þess reyndist snjóbíll, sem ómissandi var í ferðina, bilaður og óvíst hvenær varahlutir kæmu til landsins. Þá ákvað stjórn JÖRFI að farin skyldi fámenn og ódýr skotferð til þess að mæla vetrarákomuna á Grímsvatnahellunni og vatnshæðina í Grímsvötnum, skipta um rúðu í nýja skál-anum og koma þangað gasi. Auk þess yrði reynt að aðstoða Magnús Tuma Guðmundsson við segulmælingar, sem eru hluti af námsverkefni hans við Lundúnarháskóla.

Svo fór að skotist var á jeppa Ástvalds Guðmundssonar og aðstoð fengin hjá félögum úr Hjálpasveit skáta í Reykjavík, sem samtímis fóru á jökulinn á jeppum og vélsleðum. Stjórn JÖRFI þakkar þeim mjög mikilsverða hjálp.

Hinn 1. júní s.l. mældist hæð á miðri íshellu Grímsvatna 1448 ( $\pm 3$ ) m y.s. skv. nákvæmnisloftvog. Vatnsborð sást ekki en út frá vitneskju um núverandi þykkt íshellunnar og hæðarmælingum undanfarin ár má ætla að það sé um 27 m lægra en yfirborð á miðri íshellunni, þ.e. um 1421 ( $\pm 3$ ) m. Hinn 8. júní 1988 var vatnsborðið í 1401.5 m og hæð íshellunnar 1428.3 m skv. fjarlægðar- og hornamælingum. Vatnsborðið hefur því risið um 20 m á s.l. ári. Árið 1986 hljóp við 1430 m vatnshæð og má má búast við að Grímsvötn nái þeirri hæð um næstu áramót.

Vetrarákoma á miðri Grímsvatnahellunni var 4.18 m (mælt sem snjódýpt). /HB

## JÖKULHEIMAR

Kvenfélag Grímsvatnahrepps ákvað á sínum tíma að verja ágóða af happadrætti árshátíðar JÖRFI 1987 í kaup á dýnum í kojur Gamla Skála í Jökulheimum. Einn af meðlimum Styrktarfélags Kvenfélagsins braust í mikilli ófærð og verulegri hættu á versnandi veðri í Jökulheima í í sumar til þess að taka mál af nefndum dýnum og voru þær sniðnar og saumað utan um þær úrviðeigandi efni í ágúst byrjun.

Þann 11. ágúst lögðu kvenfélagskonur svo upp í Jökulheimaferð með nokkrum viðhengjum og ungviði. Taldi hópurinn í allt 17 manns. Veður var þökkalegt en nokkuð hvasst. Gekk ferðin inneftir vel þrátt fyrir mikinn flutning og renndu þeir síðustu í hlað skömmu eftir miðnætti.

Árla morguns var öllu lauslegu rutt út úr Gamla Skála, hann þrifinn og veggir síðan málaðir með nærri hvítri, hálfmattri lakkmalningu, sem ilmaði eins og nýútsprungin jöklarós. Gólfíð á svefnloftinu fékk sömu meðferð í glæru formi. Þar sem viðhengjum var stranglega bannaður aðgangur að skálanum meðan á þessu stóð, dunduðu þau sér við að koma upp stærri palli við Nýja Skála og höfðu að mestu lokið því er kvöldaði. Af einhverri ástæðu voru viðhengin þó nokkuð ánægð með árangurinn, en Kvenfélagið lauk deginum með því að mála aðra umferð í Gamla Skála. Viðhengjunum til vegsauka, má segja það að þau bútuðu í sundur sleðahró það, sem féll saman undir flutningi í Borferðinni á Grímsfjall í fyrra og fluttu leifarnar að Hrauneyjarfossvirkjun. Í rökkurskímunni voru síðan etin grilluð lambalæri með viðeigandi veigum - og svo rúsinan í pylsuendanum, einstakur eftirréttur A la Jóka. Kvöldið leið síðan við uppbyggjandi gitarspil og söng.

Að morgni þegar kötturinn hafði vakið viðstadda, var hafist handa á ný. Dýnurnar voru nú bornar út í Gamla Skála og settar í kojurnar. Nýjir rauðir dreglar lagðir á gólf og í forstofu, vaxdúkar á borð og að endingu hengdur upp andlitsskoðari í drifhvítum ramma. Að þessum aðgerðum loknum, var það mál manna að skálinn hefði yngst um í það minnsta þrjátíu ár og væri nú orðinn sérlega sjarmerandi. Viðhengin höfðu, meðan á þessu stóð, haldið sig norður á klöppum, gengið þar með spekingi svip og ýmsum mælitólum, til þess, að sögn, að undirbúa vatikan byggingu. Er vonað af verði, svo hamið verði flug hinna hvimleiðu furðuhluta, sem fara á kreik um svæðið þegar hvessir. Báða dagana hafði ungviðið

unnið ótullega og af mikilli hagkvæmni við byggingu þriðja skálans á staðnum. Voru þau ansi harðdræg í allri efnisöflun og ótrúlega fundvís á byggingarefni, án þess þó að rífa þá skála, sem fyrir voru. Er leið á eftirmiðdaginn var gömlum dýnum og öðru drasli, sem henda átti, hlaðið í bíla og á kerru og síðan haldið til byggða. Endaði mjög vel heppnuð Jökulheimaferð við ruslagámana hjá Skeljungu í Árbæ um klukkan 9 sunnudagskvöldið 13. ágúst. /JEÍ

## JÖKULL 1989

Jökull 1989 kemur út í haust og verður hann unninn með sama hætti og í fyrra, það er stening fer fram á tölvu Orkustofnunar og prentun og umbrot í Prentsmiðjunni Odda. Setning er ekki mjög langt komin ennþá, en ekki á að vera vandkvæðum bundið að ljúka henni á tilsettum tíma ef hún gengur jafn vel og í fyrra.

Væntanlega verða 8 vísindalegar greinar í þessu tölublaði auk félagsefnis, snjóflóðaannáls, skýrslu um jöklabreytingar og annars fasts efnis. Greinarnar fjalla meðal annars um landslag og gerð jarðlaga undir Grímsvötnum; þyngdarsvið, segulsvið og jarðskjálfta á Suðvesturlandi; aldursgreiningar á Fossvogslögunum; fjarlægðarmælingar á Suðurlandi; lögum korna í íslenskum gjóskulögum; og jarðfræði Austurlands.

Höfundar hafa sýnt mun meiri áhuga á að skrifa í Jökul í ár en á undanfórnum árum og gekk vel að safna efni í heftið að þessu sinni. /ritstjóri